

Ungmennabúðir UMFÍ

Verklýsing og ábyrgð fararstjóra

Aðalfararstjóri sér til þess að allar vaktir séu mannaðar hverju sinni.

Vekja nemendur og aðstoð við morgunmat

Sjá til þess að allir nemendur séu vaktir í tæka tíð og komi í morgunmat fyrir kl. 8:40. Aðstoða við brauðrist ef þarf. Sjá til þess að umsjónahópur þrifi almennilega.

Morgunvakt kl. 09:00 - 12:30 og dagvakt kl. 13:45 - 17:00

Sjá til þess að nemendur mæti á réttum tíma á réttan stað. Ganga heimavistina í frímínútum. Einn fararstjóri er staðsettur í matsal og er til taks ef upp koma veikindi eða vandamál. Aðrir fararstjórar þurfa m.a. að taka þátt í námskeiðum með nemendum og vera til taks fyrir þá nemendur sem það þurfa. Fararstjóri sér einnig um að hvetja nemendur til að fá sér hressingu og ganga frá í matsal eftir hressingu.

Kvöldvakt kl. 17:00 - 24:00

Í frjálsum tíma, bera fararstjórar ábyrgð á að allt fari vel fram og sinna nemendum. Starfsfólk búðanna sér um einn viðburð á hverju kvöldi, að öðru leiti sjá nemendur um að hafa ofan af frítíma sínum með fararstjórum skólanna. Gert er ráð fyrir að nemendur séu komnir í koju kl. 23:00 og algjör ró sé komin í húsið kl. 24:00.

Matsalur

Fararstjórar bera ábyrgð á að matsalur sé snyrtilegur alla daga og sjá um að nemendur sinni skyldum sínum við frágang. Fararstjórar skammta í hádeginu og við kvöldmat, mæting u.þ.b. 5 mín. fyrir.

Heimavist

Vera staðsettur á heimavist, hafa eyru og augu opin. Vakandi yfir hegðun og fyrirbyggja neikvæða hegðun og skemmdarverk. Það hefur sýnt sig að nemendur eiga til að ganga illa um heimavist og húsbúnað ef engin fullorðinn er á staðnum. Á mánudegi koma nemendur sér fyrir á herbergjum og sjá síðan um alla vikuna að ganga vel um herbergi sín. Fararstjórar þurfa að áréttta við nemendur ef umgengni er léleg.

Gönguferðir og útivist

Mikið er um útivist og gönguferðir. Fararstjórar þurfa að taka þátt í þeirri dagskrá, vera til aðstoðar og til taks ef eitthvað kemur uppá.

Kvöldhressing

Fararstjórar sjá alfarið um kvöldhressingu - sjá annað blað. Það má alls ekki setja neitt fram fyrir en tómsundaleiðbeinandi búðanna er búinn að halda fund með nemendum.

Næturvakt

Einn til tveir fararstjórar skipta með sér næturvakt hverju sinni.

Hópaæfing kl. 17:00 - 18:00 á fimmtudegi í íþróttasal.

Einn fararstjóra þarf til að sjá til þess að hver hópur fái nákvæmlega 20 mín æfingu, passa tímasetningar.

Laugaleikarnir á fimmtudagskvöldi

Algjört skilyrði að allir fararstjórar njóti þessarar samveru með nemendum sínum 😊

Þrif á föstudegi kl. 09:00 - 10:00

Tveir fararstjórar þurfa að vera fastir á heimavist á þessum tíma, það þarf að ýta á eftir nemendum að pakka og fara með dótið sitt á viðeigandi stað. Leiðbeinandi búðanna sér um þrif með nemendum.

***Lýsingin er sett fram með fyrirvara um breytingu.**